

Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar miðvikudaginn 4. febrúar 2009 kl. 16:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Þórir Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð og Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra..

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 22.01.09 (*Lögð fram*)
- Hreppsnefnd 29.01.09 (*Lögð fram*)

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing – Stjórnarfundur 06.01.09 (*Lögð fram*)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum hreppsnefndarmanna.

Í tengslum við skýrslu sveitarstjóra var eftirfarandi ályktun gerð:

Hreppsnefnd Langanesbyggðar hvetur sjávarútvegsráðherra til að gefa nú þegar út 150 þús. tonna byrjunarveisdíkýota í loðnu. Miðað við þær fregnir sem berast af miðunum þá er um að ræða síst minna magn af loðnu við strendur Íslands en oft áður þegar að loðnuflotanum hefur verið heimilað að hefja veiðar. Ástandið í íslenskum efnahagsmálum er hins vegar mun lakara nú en áður hefur þekkst í sögu íslenska lýðveldisins og því enn brýnna nú en áður að leita allra mögulegra leiða til að halda hjólmum atvinnulífsins gangandi og efla útflutningstekjur þjóðarinnar.

Samþykkt samhljóða.

4. Innsend erindi.

Til kynningar:

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Megináherslur í úrgangsmálum.
Erindinu vísað til USB-nefndar til kynningar.
- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga – Sameining læknavakta í Norður Þingeyjarsýslu.

Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin í starfsemi heilsugæslustöðvarinnar á Þórshöfn, sem starfrækt er af Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, beinir hreppsnefnd Langanesbyggðar því til heilbrigðisráðherra að hann beiti sér fyrir því nú þegar að fjárveitingar til stofnunarinnar verði leiðréttar þannig að tryggja megi grunnþjónustustarfsemi á öllu starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Nú er svo komið að aðeins er gert ráð fyrir hálfri stöðu hjúkrunarfæðings, einni stöðu læknis, ljósmóður í hluta starfi, er einnig sinnir ungbarnaefstirliti, og einni stöðu sjúkraflutningsmanns við stöðina á Þórshöfn. Samkvæmt upplýsingum er hreppsnefnd hafa borist til eyrna stendur til að skerða þessa takmörkuðu þjónustu enn frekar þannig að einungis verði starfandi tveir heilbrigðistarfsmenn við stöðina hverju sinni. Til að uppfylla lágmarkskröfur um þjónustu á Þórshöfn og næsta nágrenni þarf að tryggja nægilegt fjármagn til að standa undir heilli stöðu hjúkrunarfæðings í stað hálfarar í dag og að ávalt verði tveir sjúkraflutningamenn á vakt í stað eins í dag.



Á Þórshöfn hefur atvinnulíf verið nokkuð stöðugt á undaförnum árum en heldur eflst síðustu misserin og eru ekki horfur á öðru en að svo verði áfram. Það er því í hróplegri mótsögn við þróun samfélagsins að skerða einn af grunnþáttum velferðarþjónustunnar og eðlilegt að gripið verði þegar til aðgerða sem miða að því að snúa slikri óheillaþróun til betri vegar.

Samþykkt samhljóða.

- Hreppsnefnd Svalbarðshrepps – Afgreiðslur og fyrirspurnir – Svör sveitarstjóra Lnb.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.

Til afgreiðslu:

- Hestamannafélagið – Ábending til hreppsnefndar Langanesbyggðar.
Sveitarstjóra falið að óska eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna ábendinga hestamannafélagsins.
- Ungmennafélag Langnesinga – Styrkbeiðni vegna knattspyrnumóts í Rvík 07. – 08.02.09.
Samþykkt samhljóða að veita UMFL styrk sem nemur kr. 70.000,- vegna þátttöku 4. og 5. flokks drengja og stúlkna á íslandsmóti í innanhúsknattspyrnu sem fram fer í Reykjavík 7. og 8. febrúar nk. Styrkurinn skal tekinn af þeirri fjárhæð sem ætlað er til íþróttar- og æskulýðsmála í nýsamþykktari fjárhagsáætlun fyrir árið 2009.
- Reynir Jónsson – Umsókn um lóð undir hesthús og skilda starfssemi.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til umhverfis-, skipulags- og byggingarnefndar til afgreiðslu.
- Skóladeild Akureyrar – Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
Erindinu vísað til umfjöllunar og afgreiðslu á lokaðum fundi hreppsnefndar sem hefst strax að aðloknunum regluglegum hreppsnefndarfundi.
- Samband íslenskra sveitarfélaga – Íslensk byggðamál á krossgötum – Byggðaráðstefna Sambandsins, iðnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis, Byggðastofnunar o.fl. í Borganesi 20.02.09.
Fram kom að sveitarstjóri mun sækja ráðstefnuna sem fulltríu Atvinnuþróunarsélags Pingeyinga. Ákvæðið að halda því opnu hvort fulltríuar úr hreppsnefnd Langanesbyggðar sækji ráðstefnuna. Ákvörðun þarf að liggja fyrir í slðasta lagi 18. febrúar nk.

5. Álagningarákvæði og gjaldskrár Langanesbyggðar fyrir árið 2009.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir tillögum að álagningarákvæðum og gjaldskrám fyrir Langanesbyggð er grundvallast á samþykktari fjárhagsáætlun sveitarfélagsins:

Álagningarákvæði í Langanesbyggð 2009.

1. Gjaldskrá fasteignagjalda

Fasteignaskattur A er 0,36% af heildarálagningarástofni.

Fasteignaskattur B er 1,65% af heildarálagningarástofni.

Fasteignaskattur C er 0,8 % af heildarálagningarástofni.

Lóðarleiga er kr. 4.90,- pr. m² eða samkvæmt leigusamningi.

Vatnsskattur er 0,15% af heildarálagningarástofni.

Aukavatnsskattur er kr. 13,90 pr. m³ vatns.

Holræsajald er 0,15% af heildarálagningarástofni.

Sorprehreinsunargjald helmila kr. 8.625,- á lbúð.

Sorprehreinsunargjald fyrirtækja kr. 8.625,- eða samkvæmt reikningi.

Sorpeyðingargjald heimila kr. 8.625,- á lbúð.

Sorpeyðingargjald fyrirtækja:

A-flokkur kr.8.625,- Úrðað magn (áætlað) að 12 m³ á ári.

B-flokkur kr. 25.875,- Urðað magn (áætlað) frá 12 að 48 m³ á ári.

C-flokkur kr. 103.500,- Urðað magn (áætlað) frá 48 m³ á ári.

2. Undanþágur

Elli- og örorkullfeyrisbegar fá allt að 20.000.- kr. niðurfellingu á fasteignaskatt af eigin Ibúðarhúsnaði, sem viðkomandi býr í. Hlutfallsleg örorka veitir hlutfallslegan rétt til lækkunar. Þessar lækkanir hafa verið færðar á álagningarseðlum hjá ellifleyrisbegum en öryrkjar þurfa að sækja um eða endurnýja fyrri umsóknir. Ef gjaldandi telur sig eiga rétt á frekari afslætti á grundvelli þessa ákvæðis er viðkomandi vinsamlega beðinn um að hafa samband við skrifstofu Langanesbyggðar.

3. Skilgreiningar álagningastofna

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Breytingar nr. 945/2000, 1.gr.: "Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignarmati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5.gr. Stofn til álagningar á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Skattur skal vera sem hér segir:

• Allt að 0.50% af álagningastofni:

Ibúðir og Ibúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, úthús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

• Allt að 1.32% af álagningastofni:

Allar aðrar fasteignir.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hyvorum eða báðum stafliðum."

Álagningastofn vatnsskatts er fasteignamat húss og lóðar, þó að hámarki 0.30% af álagningastofni. Heimilt er sveitarstjórn að miða vatnsskatt við stærð fasteignar og/eða notkun skv. mæli eða fast gjald sbr. lög nr. 81/1991.

Álagningastofn holræsagjalds er fasteignamat húss og lóðar. Gjald má miða við virðingaverð fasteigna eða við stærð lóðar eða við hvortveggja sbr. vatnalög.

4. Önnur þjónustugjöld

Leikskólagjald	14.950,-
Málíð í skólamötuneyti	405,-
Tónlistarskóli (á önn)	20.700,-
Sundlaug	400,-
Íþrótt- / þreksalur	500,-
Félagsheimilið (allt húsið)	34.000,-
Sláttur (<1000 m ²)	3.000,-
Sláttur (>1000 m ²)	5.000,-
Hundahald (ársgrjáld)	7.500,-
Félagsleg heimapjónusta – Taxti-1	0,-
Félagsleg heimapjónusta – Taxti-2	331,-
Félagsleg heimapjónusta – Taxti-3	882,-
Húsaleiga (á m ²)	590,-


5. Gjalddagar

Gjalddagar fasteignagjalda eru 8
Eindagi fasteignaskatta er 30 dögum eftir gjalddaga.

Eftir nokkrar umræður voru tillögur að álagningarákvæðum og gjaldskrám fyrir Langanesbyggð árið 2009 samþykktar samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi siltið kl. 17:27


Nanna Steina Höskuldsdóttir
Gíldadóttir
Ásgríður Ólafsdóttir
Hildur Steinarsdóttir